

REGLUGERÐ

um deildaskiptingu og safnráð Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

1. gr.

Í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eru þessar deildir: Þjóðdeild, handritadeild, aðfangadeild, skráningardeild, útlánadeild og upplýsingadeild.

2. gr.

Safnráð Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er samráðsvettvangur yfirmanna bókasafnsins og forstöðumanna deilda.

Í safnráði eiga sæti: Landsbókavörður, sem er formaður ráðsins, aðstoðarlandsbókavörður, forstöðumenn deilda, sbr. 1. gr., og allt að þrjár aðrir forstöðumenn einstakra starfsþátta samkvæmt ákvörðun stjórnar safnsins að fengnum tillögum landsbókavardar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 71/1994 um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. október 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1995-1996.

I. KAFLI.

Um greiðslumark.

1. gr.

Greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða verðlagsárið 1995-1996 skal vera 7.820 tonn kindakjöts, að frádregnum 620 tonnum skv. samningi um sérstaka lækkun heildargreiðslumarks, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 99/1993. Samanlagt greiðslumark lögbýla verður því 7.200 tonn, sem reiknast í kg kindakjöts. Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1995-1996 skal vera sama hlutfall af heildargreiðslu marki eins og það var á verðlagsárinu 1994-1995 að teknu tilliti til staðfestra aðilaskipta fyrir 1. febrúar 1995. Greiðslumark vegna heimtöku breytist ekki.

2. gr.

Útreikningur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu sauðfjárafurða og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna, og lætur